

Ytra mat leikskóla Óskaland í Hveragerði

Úttekt þessi er unnin á vegum Námsmatsstofnunar - fyrir mennta- og menningamálaráðuneytið

Höfundar: Kolbrún Vigfúsdóttir og Inga Dóra Jónsdóttir
© Námsmatsstofnun, 2014.

ISBN 978-9935-433-55-8

Efnisyfirlit

Samantekt á niðurstöðum	5
Inngangur	7
Markmið og tilgangur	7
Gagnaöflun	7
Leikskólinn Óskaland	8
Leikskólinn og umhverfi hans	8
Starfsmenn	8
Starfsmannavelta	8
Húsnæði	8
Breytingar í kjölfar laga um leikskóla nr. 90/2008.	9
Áhrif hagræðingar í kjölfar efnahagshruns á starfsemi leikskólans	9
Hugmyndafræði, stefna og helstu áherslupættir leikskólans	9
Skólanámskrá	10
Samræmi leikskólastarfs við skólanámskrá.	11
Aðkoma starfsmanna að gerð nýrrar skólanámskrár	12
Stjórnskipulag og skipurit.	12
Starfsáætlun, starfsmannastefna og áætlanir varðandi starfsmannamál.	13
Uppeldi, menntun og umönnun	14
Leikföng og efniviður	15
Líðan barna	15
Lýðræði og mannréttindi	15
Samskipti og hegðun	16
Skólaþróun.	16
Skólabragur og samskipti	17
Að starfsmannaviðtöl verði haldin árlega.	18
Starfsandi	18
Mat á námi og velferð barna.	19
Foreldrasamvinna og ytri tengsl	19
Samstarf leikskóla og grunnskóla.	20
Annað samstarf	21
Innra mat	21
Sérfræðiþjónusta og sérkennsla	22
Samantekt	23
Tækifæri til umbóta	24
Lokaorð	25
Heimildir.	26

Samantekt á niðurstöðum

Leikskólinn og umhverfi hans

Starfsemi leikskólans Óskalands í núverandi mynd hófst í september 2007. Starfsfólk leikskólans hefur sameinast um einkunnarorð sem einkenna eiga skólastarfið: *Leikur – lífsgleði – lærdómur*. Áherslur í starfi eiga, samkvæmt drögum að skólanámskrá, að vera hugmyndafræði Reggio Emilia. Litið er á leikinn sem náms- og þroskaleið barna og að starf leikskólans byggist fyrst og fremst á leik og sköpun. Lögð er áhersla á hreyfingu, bæði innan og utan dyra. Tónlist er rauður þráður í starfi leikskólans, börnin læra söngva, vísur og þulur og skoða og spila á hljóðfæri. Mikil áhersla er lögð á læsi og lestur. Lögð er áhersla á lífsleikni með elstu börnunum með því að vinna með námsefnið *Vinir Zippys* sem samið hefur verið í því skyni að efla tilfinningaþroska barna og vellíðan. Húsnæðið sem ætlað er börnum er rúmgott og bjart. Ekki er aðstaða til minni funda í leikskólanum og meta þarf hljóðvist í húsinu, sérstaklega á leiksvæði barna. Útileiksvæðið er stórt og býður upp á mikla möguleika. Æskilegt væri að endurbæta tæknibúnað leikskólans.

Skólanámskrá

Ekki er til skólanámskrá í leikskólanum en drög að nýrri skólanámskrá voru afhent matsmönnum. Í drögunum kemur fram áhersla á að leikskólinn vinni samkvæmt hugmyndafræði og starfsaðferðum Reggio Emilia en töluvert vantar á að þær aðferðir séu sýnilegar í starfinu og þörf er á að allir starfsmenn auki þekkingu sína og færni til að vinna samkvæmt þeim áherslum. Samkvæmt upplýsingum frá stjórnendum er unnið með uppeldislega skráningu. Gögn sem sýndu niðurstöður uppeldislegra skráninga voru ekki sýnileg foreldrum eða starfsmönnum leikskólans og þarf að bæta úr því. Leiknum er gefinn góður tími í leikskólanum, samskipti við börnin einkenndist af umhyggju og hlýju og vinna með læsi er vel sýnileg. Vinna með sjálfbærni og vísindi var ekki sýnileg. Mikil áhersla er á að vinna með hreyfingu úti sem inni. Auka mætti skapandi starf og skoða möguleika á að fjölga vettvangsferðum í tengslum við samvinnu leikskólans við aðrar stofnanir sveitarfélagsins.

Stjórnun og starfsmannamál

Stjórnun leikskólans er samkvæmt lögum og almennum reglum um stjórnunarhætti. Skrifleg verkaskipting er milli leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra en verkaskipting milli stjórnanda er ekki skýr í augum starfsfólks. Leikskólinn hefur gefið út starfsáætlun og til er handbók um móttöku nýrra starfsmanna. Góð samvinna er milli leikskólastjóra og fræðslunefndar. Ekki er full sátt um stjórnun leikskólans og nokkuð skortir á upplýsingastreymi innan leikskólans. Ekki er til skipurit fyrir leikskólann eða formlegar starfslýsingar fyrir starfsfólk. Ákvarðanataka er í höndum leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra með aðkomu deildarstjóra og í sumum tilfellum annars starfsfólks. Starfsmenn fara árlega í starfsmannasamtal hjá leikskólastjóra. Leikskólinn skilaði starfsáætlun fyrir skólaárið 2014-2015 en skilar ekki ársskýrslu enda er þess ekki krafist af hálfu sveitarfélagsins.

Uppeldi, menntun og umönnun

Í leikskólanum er lögð áhersla á leikinn sem náms- og þroskaleið barnsins og er hann skipulagður með valkerfi. Leiknum er gefinn góður tími og börnin hafa frelsi til að skipta um verkefni. Nokkuð er um borðleiki í leiktímanum. Samkvæmt dagskipulagi leikskólans er lögð áhersla á hópastarf og útiveru. Unnið er með lífsleikni með elstu börnunum. Húsnæðið býður upp á fjölbreytta starfsemi, svo sem listakrök og sal, þar sem einingakubbum er komið fyrir og mætti nýta þau svæði betur allan daginn. Börn af öllum deildum fara út á sama tíma en það mætti endurskoða með tilliti til betri nýtingar innanhúss og til að minnka álag vegna slæmrar hljóðvistar. Leikfangakostur og kennslugögn leikskólans eru úr sér gengin og þarfnast endurnýjunar.

Skólabragur og samskipti

Almennt er góður starfsandi í leikskólanum en skoða mætti betri nýtingu á mannauði leikskólans og styrkja samstarf innan deilda og milli deilda. Ýmsar leiðir eru farnar til að bæta starfsandann utan vinnu og stjórnendur reyna að veita starfsmönnum endurgjöf á störf þeirra og hrósa þeim fyrir það sem vel er gert.

Mat á námi og velferð barna

Notast er við TRAS sem er skráningarlisti til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna, HLJÓM2 sem er greiningartæki sem kannar hljóðkerfisvitund elstu barna í leikskólanum, málþroskaprófið sem mælir orðaforða barna og hversu mikið vald þau hafa á beygingarkerfi og setningagerð málsins. Ef grunur vaknar um þroskafrávik barns eru Íslenski þroskalistinn og Íslenski smábarnalistinn notaðir í samvinnu við foreldra, en þeir eru notaðir til að meta getu barna á mál- og hreyfisviði frá 15 mánaða til sex ára aldurs. Talmeinafræðingur er til ráðgjafar varðandi málörvun einstakra barna. Foreldraviðtöl eru nýtt til að meta þroskastöðu hvers barns og foreldrakannanir eru gerðar annað hvert ár.

Innra mat

Í starfsáætlun leikskólans fyrir skólaárið 2014-2015 er að finna þriggja ára áætlun um innra mat á starfi leikskólans (2014-2017) sem nær til allra þátta leikskólastarfsins. Í áætluninni kemur fram hvaða þætti á að meta á hverju ári og hvaða leiðir á að fara í matinu.

Starfsmenn, börn og foreldrar koma að innra mati. Ekki er starfandi matsteymi við leikskólann og ekki er gerð umbótaáætlun í kjölfar mats en úr því þarf að bæta.

Foreldrasamstarf og ytri tengsl

Foreldraráð er starfandi við leikskólann og sameiginlegt foreldrafélag er fyrir báða leikskólana í Hveragerði. Foreldrar eru ánægðir með samstarf við stjórnendur og starfsfólk og upplýsingagjöf leikskólans. Foreldrar eru ánægðir með foreldrasamtöl og með þær upplýsingar sem þeir fá þar. Til er móttökuáætlun fyrir börn sem eru að byrja í leikskólanum. Skipulagt samstarf er milli skólastiga. Ekki hefur verið kosið í foreldraráð og þarf að bæta úr því. Leita mætti leiða til að auka samstarf við aðrar stofnanir sveitarfélagsins, svo sem tónlistarskóla og Listasafn Árneseinga.

Sérfræðiþjónusta sveitarfélags og sérkennsla

Aðgangur leikskólans að sérfræðiþjónustu er í samræmi við reglugerð nr. 584/2010 um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum.¹ Hveragerði er þátttakandi í rekstri skóla- og velferðarþjónustu Árneseings og góð samvinna er milli leikskólans og sérfræðiþjónustunnar. Móttökuáætlun er fyrir börn sem eiga annað móðurmál en íslensku. Leikskólinn hefur ekki sett sér stefnu í sérkennslumálum og æskilegt væri að bæta úr því og einnig gera verkferla varðandi sérkennslu í leikskólanum.

¹ Reglugerð nr. 584/2010 um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum

Inngangur

Í þessari matsskýrslu er fjallað um ytra mat á leikskólanum Óskalandi í Hveragerði. Matið er gert á grundvelli 17. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008.² Matið var framkvæmt af Kolbrúnu Vigfúsdóttur og Ingu Dóru Jónsdóttur og fór fram á vettvangi á tímabilinu 3.-5. nóvember 2014. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Teknir voru fyrir átta matsþættir; leikskólinn og umhverfi hans, skólanámskrá, stjórnun og rekstur, uppeldi, menntun og umönnun, skólabragur og samskipti, innra mat, foreldrasamstarf og ytri tengsl og sérfræðiþjónusta sveitarfélaga.

Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum er samkvæmt 17. grein laga um leikskóla nr. 90/2008 að:

- að veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsmanna leikskóla, viðtökuskóla og foreldra,
- tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla,
- auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum,
- tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.³

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og lögð sérstök áhersla á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun skóla, styðja við skólastjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi, hvetja kennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera skólum hvati til frekari skólaþróunar. Grundvöllur ytra mats eru leiðbeiningar mennta- og menningarmálaráðuneytis um ytra mat leikskóla. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um leikskólastarf og aðalnámskrá leikskóla. Áherslur og straumar í skólastefnum sveitarfélaga voru einnig höfð til hliðsjónar.

Gagnaöflun

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um leikskólann áður en farið var í vettvangsathuganir og rýnivíðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gátu ljósi á leikskólastarfið, ýmist á prenti eða á rafrænu formi.⁴ Kynning á forsendum og matsframkvæmd var send leikskólastjóra 16. október 2014 á rafrænu formi. Leikskólastjóra var falið að sjá til þess að starfsmenn og foreldrar hefðu tækifæri til að nálgast þessi gögn og koma spurningum eða athugasemdum á framfæri við úttekaraðila. Matsmenn mættu í leikskólann 3. nóvember 2014 og fengu kynningu á leikskólanum hjá leikskólastjóra. Nokkru síðar tóku við vettvangsathuganir á deildum leikskólans. Haldnir voru rýnihópafundir með deildarstjórum, starfsmönnum á deild, börnum í elsta árgangi leikskólans og foreldrum. Þátttakendur í rýnihópi foreldra og barna voru valdir með slembiúrtaki. Formaður foreldraráðs mætti á fundinn með foreldrum. Tekin voru einstaklingsviðtöl við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra. Einnig var haft samband við formann fræðslunefndar. Skýrslan var send leikskólastjóra til yfirlestrar.

Skólaheimsóknin stóð yfir í þrjú daga, 3.-5. nóvember 2014. Starfsmenn vissu hvaða daga matsmenn voru væntanlegir í vettvangsheimsókn en ekki á hvaða tíma. Fylgst var með uppeldi, kennslu og starfsháttum, leik og námi, velferð og líðan barna, faglegu starfi og skipulagi náms og námsaðstæðna á deildum. Matsmenn fylltu út gátlista fyrir hverja stund. Matsmenn fóru einstaklingslega yfir þau gögn

² Lög um leikskóla nr. 90/2008.

³ Lög um leikskóla nr. 90/2008.

⁴ Gögn frá leikskólastjóra.

sem aflað var fyrirfram að lokinni leikskólaheimsókn og unnu þeir saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Það ber að hafa í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

Leikskólinn Óskaland

Leikskólinn og umhverfi hans

Leikskólinn Óskaland í Hveragerði hóf starfsemi sína í núverandi mynd í september 2007. Áður hafði leikskólinn verið rekinn sem tveggja deilda leikskóli frá árinu 2004. Leikskólinn er við Finnsmörk 1 í Hveragerði. Áður hafði leikskólinn verið starfræktur í 10 ár í gömlu húsi í eigu Kvenfélags Hveragerðis.⁵

Leikskólinn er í 660,3 m² húsnæði. Í leikskólanum dvelja 84 börn á aldrinum átján mánaða til sex ára, 36 stúlkur og 48 drengir. Börnunum er skipt á fjórar deildir; Birkikot, Furukot, Grenikot og Reynikot. Á yngri deildum eru 19 börn og á eldri deildum eru 23 börn. Meðalstærð hópa barna á aldrinum 18 mánaða til þriggja ára er fjögur til sex börn og meðalstærð hópa barna á aldrinum þriggja til sex ára eru sex til átta börn. Í leikskólanum eru átta börn með annað móðurmál en íslensku. Fjögur börn eru með skilgreindan stuðning og er gerð einstaklingsnámskrá fyrir þau. Leikskólinn er opinn frá kl. 7:45-17:00.⁶

Starfsmenn

Við leikskólann starfa 26 starfsmenn í 22,5 stöðugildum þar með talinn leikskólastjóri og starfsfólk í eldhúsi. Leikskólakennarar eru samtals sex að meðtöldum leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra, fjórir starfandi á deild eða 18% af starfsfólki á deildum. Stjórnunarhlutfall Óskalands er 130%. Ekki er starfandi sérkennslustjóri í leikskólanum en aðstoðarleikskólastjóri hefur umsjón með sérkennslu. Starfsmenn utan deilda eru matráður í 100% stöðu og aðstoðarmaður í eldhúsi í 80% stöðu. Verktakar á vegum Hveragerðisbæjar hafa umsjón með ræstingum. Sex karlmenn starfa í leikskólanum. Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólustjórnaenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.⁷

Starfsmannavelta

Í leikskólanum er alltaf nokkuð um nýráðningar að hausti.

Húsnæði

Húsnæði leikskólans uppfyllir að mestu kröfur varðandi rými sem gerðar eru til leikskólahúsnæðis samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008.⁸ Hver deild hefur yfir að ráða þremur herbergjum og salernisaðstöðu. Sameiginlegur fataklefi og listaskáli eru fyrir tvær deildir en salur fyrir hreyfingu er sameiginlegur fyrir allan leikskólann. Í salnum er einnig leiksvæði fyrir einingakubba. Undirbúningsaðstaða fyrir kennara er í leikskólanum, aðstaða fyrir sérkennslu og kaffistofa starfsfólks. Ekki er aðstaða í leikskólanum fyrir minni fundi, s.s. foreldrafundi, fundi vegna sérkennslubarna o.fl. Eldhús leikskólans er vel búið og rúmgott. Hljóðvist á deildum og í sal leikskólans er ábótavant. Langt er síðan tækniþjálfun leikskólans s.s. tölvur og prentarar hefur verið endurnýjaður.

⁵ Heimasíða Óskalands.

⁶ Gögn frá leikskólustjóra um fjölda og aldur barna, stærð húsnæðis og skipulag deilda.

⁷ Lög um menntun og ráðningu kennara og skólustjórnaenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008.

⁸ Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Útileiksvæði

Útileiksvæði Óskalands er stórt, vel skipulagt og býður upp á ýmsar áskoranir. Þar er meðal annars aðstaða til smíða og gott horn fyrir grænmetisræktun.

Breytingar í kjölfar laga um leikskóla nr. 90/2008

Foreldraráð hefur starfað við leikskólann frá 2009 og gerður var samstarfssamningur við grunnskóla Hveragerðis varðandi samstarf skólastiga eftir tilkomu laganna.

Áhrif hagræðingar í kjölfar efnahagshruns á starfsemi leikskólans

Fjármagnsúthlutun til leikskólans var skert og stjórnendum gert að hagræða til samræmis við þá skerðingu, m.a. með því að draga úr innkaupum á kennslugögnum og tæknibúnaði fyrir leikskólann. Starfsmönnum var ekki fækkað en öll yfirvinna tekin af og dregið úr kostnaði við endurmenntun. Þessar breytingar hafa ekki gengið til baka. Stjórnunarhlutfall leikskólastjóra var skert úr 100% í 80% og aðstoðarleikskólastjóra úr 30% í 10% og hélst sú skerðing í eitt ár en var þá dregin til baka.

Skólastefna og áherslur sveitarfélagsins

Hveragerðisbær hefur mótað skólastefnu fyrir leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla. Þar segir um velferð nemenda:

Í öllu skólastarfi ber að leggja áherslu á andlegan og líkamlegan þroska hvers nemanda. Mikilvægt er að sérhverjum nemanda líði vel í skóla og þar fái hæfileikar hvers og eins notið sín. Brýnt er að koma til móts við þarfir hvers og eins og nám þannig einstaklingsmiðað og námsefni við hæfi. Leggja ber áherslu á að efla félagsfærni hvers og eins nemanda. Áhersla er lögð á heilbriggt lífverni og hollustu sem m.a. endurspeglast í því fæði sem börnum er boðið í skólunum⁹.

Áherslur og einkenni í starfi leikskóla í Hveragerði eru að sérstök rækt er lögð við að efla lífsleikni nemenda, leikur, leikræn tjáning og listsköpun eru í öndvegi og mikilvægt að starfsfólk fái markvissa þjálfun í þessum þáttum. Áhersla er lögð á samskipti leikskólabarna og eldri borgara og á umhverfis- og náttúrustefnu. Nýbúafraeðsla er markviss liður í starfi leikskólans og tengsl eru á milli leikskólanna og ýmissa stofnana í sveitarfélaginu. Lögð er áhersla á mikilvægi gagnkvæms trausts og virðingar og að öflug tengsl séu á milli heimilis og skóla. Lögð er áhersla á samstarf milli leik- og grunnskóla, á vægi listgreina og samstarf milli leikskóla við tónlistarskóla og Listasafnið. Einnig skal leggja áherslu á hreyfingu leikskólabarna.¹⁰

Hugmyndafræði, stefna og helstu áherslur leikskólans

Einkunnarorð Óskalands eru . Í drögum að nýrri skólanámskrá segir að hugmyndafræði leikskólans sé sótt í smíðju nokkurra hugmyndafræðinga, s.s. John Dewey, Loris Malaguzzi, Kari Lamer, Zoltán Kodály og Caroline Pratt. Í viðtali við leikskólastjóra kom fram að aðal áherslur leikskólans eru starfsaðferðir Reggio Emilia.¹¹ Loris Malaguzzi, sem er höfundur Reggio aðferðarinnar, sagði að börn byggju yfir 100 málum en þau væru svipt 99. Það er því hlutverk leikskólakennara að fanga málin og virkja þau. Þetta er gert með því að spyrja opinna spurninga, fara í vettvangsferðir og skoða umhverfið, skoða og kynna sér ýmiskonar efnivið, bækur, myndir o.fl., rannsaka og skapa út frá reynslunni. Það er á ábyrgð leikskólakennarans að virkja forvitni barnanna og vera meðvitaður um hvernig börnin leita svara við hinu óþekktu.¹²

⁹ Heimasíða Hveragerðisbæjar – skólastefna.

¹⁰ Heimasíða Hveragerðisbæjar.

¹¹ Viðtal við leikskólastjóra.

¹² Gögn frá leikskólastjóra – drög að skólanámskrá.

Í starfsáætlun leikskólans segir að leikurinn sé aðal náms- og þroskaleið barnsins og starf leikskólans byggir fyrst og fremst á leik og sköpun. Leikur sé órjúfanlegur þáttur barnæskunnar og hann sé uppspretta tjáningar og veiti gleði. Í leik eflist félagsleg færni barnsins og það lærir að taka tillit til annarra, tjá tilfinningar og upplifanir. Einnig segir að leikurinn sé aðal námsleið barna. Sjónrænt uppeldi og áhersla á tilfinningar og tjáningu barnanna er stór þáttur í öllu starfi leikskólans. Lögð er áhersla á hreyfingu í leikskólanum, bæði innan og utan dyra. Tónlist er einnig rauður þráður í starfi leikskólans, börnin læra söngva, vísur og þulur, skoða og spila á hljóðfæri. Mikil áhersla er lögð á læsi og lestur í víðum skilningi. Í starfsáætlun segir að læsi í leikskóla feli í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt.¹³

Í viðtali við leikskólastjóra kom fram að lögð er áhersla á lífsleikni með elstu börnunum með því að vinna með lífsleiknínámsefnið sem samið hefur verið í því skyni að efla tilfinningaþroska barna og vellíðan.¹⁴ Hugmyndin að baki námsefninu Vinir Zippý er mjög einföld; ef börnum er kennt að kljást á eigin spýtur við erfiðleika meðan þau eru ung munu þau verða betur undir það búin að takast á við vandamál og andstreymi á unglingsárum og á fullorðinsárum.¹⁵

Styrkleikar

- Lögð er áhersla á að vinna samkvæmt ákveðinni hugmyndafræði.
- Húsnæðið sem ætlað er börnum er rúmgott og bjart.
- Útileiksvæði leikskólans er stórt og býður upp á mikla möguleika.
- Starfsmenn leikskólans hafa sameinast um ákveðin einkunnarorð.
- Lögð er áhersla á leikinn sem náms- og þroskaleið.
- Leikskólinn starfar samkvæmt stefnu sveitarfélagsins.
- Foreldraráð hefur starfað við leikskólann frá 2009.
- Elstu börnunum er kennd lífsleikni.

Tækifæri til umbóta

- Stefna ætti að því að finna leiðir til að fjölga leikskólakennurum við skólann þar sem leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði í lögum nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.
- Skoða þarf leiðir til að bæta hljóðvist á deildum og í sal leikskólans.
- Skoða ætti hvernig leikskólinn getur betur uppfyllt stefnu sveitarfélagsins, s.s. umhverfis- og náttúrustefnu, og eftt tengsl við aðrar stofnanir sveitarfélagsins.
- Æskilegt væri að endurbæta tæknibúnað leikskólans.

Skólanámsskrá

Skólanámsskráin er ekki birt á heimasíðu leikskólans en unnið er eftir drögum að nýrri skólanámsskrá. Skólanámsskrárdrögin samræmast þeim kröfum sem sett eru fram í lögum um leikskóla nr. 90/2008, aðalnámsskrá leikskóla frá 2011 og skólastefnu Hveragerðis frá árinu 2008.^v Samkvæmt upplýsingum frá leikskólastjóra byggir hugmyndafræði leikskólans á hugmyndafræði og starfsaðferðum Reggio Emilia og einnig er unnið með lífsleiknínámsefnið.¹⁶

¹³ Heimasíða Óskalands.

¹⁴ Viðtal við leikskólastjóra.

¹⁵ Vinir Zippys .

¹⁶ Gögn frá leikskólastjóra og viðtal við leikskólastjóra.

Einkunnarorð leikskólans eru leikur, lífsgleði og lærdómur og samkvæmt starfsáætlun leikskólans er lögð áhersla á að leikurinn sé aðal náms- og þroskaleið barnsins og starf leikskólans byggji fyrst og fremst á leik og sköpun.¹⁷

Samræmi leikskólastarfs við skólanámskrá

Samkvæmt dagskipulagi leikskólans skiptist dagurinn í hópastarf, frjálsan leik og útiveru. Hópastarfið hjá elstu börnunum skiptist í skólahóp, lífsleikni, hreyfistund, tónlist og þemavinnu. Hjá yngri börnunum skiptist dagurinn í hópastarf, hreyfistund og tónlist.¹⁸

Á eldri deildum er frjálsi leikurinn skipulagður með vali tvisvar á dag og fá börnin þá að velja á milli viðfangsefna og eru fimm til sex verkefni í boði hverju sinni. Valið fer þannig fram að ljósmyndir eru af þeim viðfangsefnum sem í boði eru hverju sinni. Börnin velja með því að setja spjald með nafninu sínu á myndina. Ákveðin fjöldi barna getur verið á hverju svæði fyrir sig. Börnin mega skipta um svæði meðan á valtíma stendur. Á yngri deildum er ekki valkerfi en börnum er skipt í minni hópa á leiksvæðunum. Í vettvangsathugun sáu matsmenn ekki að unnið væri út frá hugmyndafræði Reggio Emilia. Áhrif hugmyndafræðinnar voru ekki sýnileg í umhverfinu og matsmenn urðu ekki varið við að unnið væri með þemavinnu í anda Reggio. Í drögum að skólanámskrá segir að hlutverk leikskólakennara sé að fanga mál barnanna og virkja þau með því að spyrja opinna spurninga, fara í vettvangsferðir, skoða umhverfið, kynna sér ýmiskonar efnivið, rannsaka og skapa út frá reynslunni.¹⁹ Í hópastarfi sem matsmenn sáu voru verkefni sem börnunum var boðið upp á stýrð og fyrirfram ákveðin. Börnin fengu fá tækifæri til frjálsrar sköpunar og samræða þar sem börn spyrja spurninga var ekki fyrirferðarmikil. Þó sáu matsmenn tilraun í þessa veru á yngri deild. Uppeldislegar skráningar í anda Reggio voru ekki sýnilegar en deildarstjórar og leikskólastjórar sögðu að til væru skráningar um þemastarfið og væru þær sýndar foreldrum á opnu húsi að vori.²⁰

Í rýnihópi deildarstjóra kom fram að lögð væri áhersla á virðingu, hlýju og hlustun í samskiptum við börnin.²¹ Starfsmenn töluðu líka um að það væri talað við börnin en ekki til þeirra og að lögð væri áhersla á að ná augnsambandi við börnin og fara í sömu hæð og þau.²² Matsmenn sáu dæmi um þessar áherslur í vettvangsathugun þar sem starfsmenn töluðu við börnin af hlýju og virðingu. Matsmen sáu starfsmenn á yngri deildum leika við börnin á gólfinu.

Vinna með læsi var ágætlega sýnileg í leikskólanum. Í viðtali við leikskólastjóra kom fram að byrjað er að vinna með læsi í samræmi við áherslur í aðalnámskrá leikskóla. Í þeirri vinnu er haft samráð við kennara í grunnskólanum um innlögð stafa í leikskólanum. Leikskólinn nýtir efni frá skólaskrifstofu Árneshóps í þeim tilgangi að efla læsi í leikskólanum.²³ Leikskólinn hefur sett sér það markmið að börnin séu búin að læra að þekkja alla stafi þegar þau koma upp í grunnskólann.²⁴ Matsmenn sáu hvernig unnið var með læsi á mismunandi hátt, lesnar bækur, sagðar sögur, sungið, unnið með spil sem efla málþroska barna og í skólahópi var verið að æfa hljóðvitund barnanna. Stafróf var á veggjum inni á deildum en huga má betur að staðsetningu þess þar sem það var sumstaðar mjög hátt á veggjunum.

Vinna með sjálfbærni og vísindi var ekki sýnileg. Til þess að auka heilbrigði og vellíðan barnanna er boðið upp á hollan mat sem unninn er frá grunni í leikskólanum. Hreyfingu er gerð góð skil, bæði inni og úti. Á dagskipulagi má sjá að gert er ráð fyrir skipulögðum hreyfistundum í sal og vettvangsferðum einu sinni í viku, auk daglegrar útvistar. Matsmenn sáu unnið með hreyfingu eldri og yngri barna í sal skólans og leik barna á útsvæði. Einu sinni var farið með hóp elstu barna í gönguferð á „róló“ á því tímabili sem matsmenn dvöldu í leikskólanum.

¹⁷ Heimasíða Óskalands – Starfsáætlun.

¹⁸ Heimasíða Óskalands.

¹⁹ Gögn frá leikskólastjóra - Drög að skólanámskrá.

²⁰ Viðtal við leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og rýnihóp deildarstjóra.

²¹ Viðtal við deildarstjóra.

²² Rýnihópur starfsmanna.

²³ Viðtal við leikskólastjóra og gögn.

²⁴ Viðtal við leikskólastjóra.

Aðkoma starfsmanna að gerð nýrrar skólanámskrár

Allir starfsmenn hafa komið að gerð nýrrar skólanámskrár og kom það skýrt fram í viðtölum við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra og í rýnihópum deildarstjóra og starfsmanna.²⁵

Vinnan fór fram á skipulagsdögum og unnið var í litlum hópum þar sem hver starfsmaður kom fram með sínar hugmyndir og var reynt að virkja alla með því að nota svokallað þjóðfundarform. Foreldrar og börn hafa ekki ennþá komið að þessari vinnu.²⁶

Í rýnihópi deildarstjóra og viðtölum við aðstoðarleikskólastjóra og leikskólastjóra kom fram að það vantaðir sárlega tíma til að klára þessa vinnu sem er langt komin en fáir starfsmannafundir og skipulagsdagar valda því að þessi vinna hefur dregist á langinn.²⁷

Styrkleikar

- Starfsmenn mæta börnunum af hlýju og virðingu.
- Vinna með læsi er vel sýnileg í leikskólanum.

Tækifæri til umbóta

- Ljúka þarf gerð nýrrar skólanámskrár árið 2015.
- Auka þarf þekkingu allra starfsmanna á hugmyndafræði og starfsaðferðum Reggio Emilia.
- Æskilegt væri að auka uppeldislegar skráningar og gera þær sýnilegri í umhverfi leikskólans.
- Stjórnun og starfsmannamál

Stjórnskipulag og skipurit

Rekstraraðili leikskólans Óskalands er Hveragerðisbær. Bærinn tekur þátt í rekstri skóla- og velferðarþjónustu Árnepings ásamt sex öðrum sveitarfélögum. Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar hefur rekstrarlegt eftirlit með skólum bæjarins en fræðslunefnd hefur faglegt eftirlit. Markmið skólalþjónustunnar er að veita sem besta kennslufræðilega og sálfræðilega ráðgjöf og aðstoða við umbóta- og þróunarstarf í grunnskólum og leikskólum samkvæmt skólastefnu Hveragerðisbæjar. Fræðslunefnd starfar á vegum Hveragerðisbæjar sem skipuð er sex fulltrúum sem eru pólitískt kjörnir af bæjarstjórn. Skólastjórnendur, fulltrúar starfsmanna og foreldra í Hveragerðisbæ eiga setu á fundum fræðslunefndar með málfrelsi og tillögurétt. Hlutverk fræðslunefndar er að fara með málefni leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla. Eftirlit með starfsemi leikskólans er í höndum fræðslunefndar sem fer yfir starfsáætlanir og starfsskýrslur frá leikskólanum.

Leikskólastjóri Óskalands hóf störf árið 1992. Hann leggur áherslu á að leikskólinn vinni samkvæmt stefnu Reggio Emilia og á mikilvægi sköpunar, að hlusta eigi á barnið og leyfa því að rannsaka og spyrja. Einnig leggur leikskólastjórinn áherslu á mikilvægi lífsleiknivinnu með elstu börnunum. Skrifleg verkskiptin er milli leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra.²⁸ Skipurit er ekki til fyrir leikskólann en lýsing á hlutverkum starfsfólks kemur fram í stjórnunar- og starfsmannastefnu leikskólans.

Leikskólastjóri situr fundir fræðslunefndar ásamt öðrum skólastjórnendum og fulltrúum foreldra. Skólastjórnendur gefa reglulega upplýsingar um stöðu mála í skólunum og senda inn óskir um efni sem þeir vilja að tekið sé til umræðu á fundunum.²⁹

Þrjú starfsdagar eru á ári, fjórir starfsmannafundir á dagvinnutíma, deildarstjórafundir eru einu sinni til tvisvar í mánuði, deildarfundir einu sinni í mánuði og einnig er öðru hvoru haldnir fundir með helmingi starfsmanna á dagvinnutíma, þ.e. starfsmönnum eldri deilda annarsvegar og yngri deilda hinsvegar.

²⁵ Rýnihópur starfsmanna, viðtal við deildarstjóra, aðstoðarleikskólastjóra og leikskólastjóra.

²⁶ Viðtal við leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra, deildarstjóra og rýnihópur starfsmanna.

²⁷ Viðtal við deildarstjóra, aðstoðarleikskólastjóra og leikskólastjóra

²⁸ Gögn frá leikskólastjóra.

²⁹ Viðtal við leikskólastjóra.

Starfsdagar og starfsmannafundir eru nýttir til að undirbúa fagstarfið og vegna innra mats. Deildarfundir og fundir með helmingi starfsfólks eru nýttir til að vinna úr innra mati og skipuleggja samstarfið. Fimmtán mínútna upplýsingafundir eru haldnir alla morgna til að fara yfir verkefni dagsins. Fundarboð með dagskrá eru send út fyrir starfsdaga og starfsmannafundi og fundargerðir eru ritaðar fyrir deildarstjórafundum og deildarfundum. Að sögn leikskólastjóra þarf að koma reglu á fundargerðir fyrir alla fundi svo starfsfólk geti fylgst með því sem er í umræðunni. Ákvarðanatöku um faglegt starf og rekstur er í höndum leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra með aðkomu deildarstjóra. Við stærri ákvarðanir er varða skólasterfið er haft samráð við allt starfsfólk leikskólans.³⁰ Að mati leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra er ákvarðanatöku skilvirk og tekið er tillit til allra skoðana.³¹

Ekki eru allir sáttir við stjórnun leikskólans. Í viðtali við deildarstjóra kom fram að þeir vilja hafa meira um stjórnunina að segja, sérstaklega ráðningu starfsmanna, og þeir telja vanta meiri festu í starfsmannamálum almennt. Að þeirra sögn mætti upplýsingaflæðið vera betra þó upplýsingafundir að morgni með öllum stjórnendum séu til bóta. Að mati starfsmanna fá þeir takmarkaðar upplýsingar af fundum og fá oft misvísandi upplýsingar um ákvarðanir sem teknar hafa verið.³² Fram kom hjá foreldrum að þeim finnst mikil hreyfing á starfsfólki, ekki bara nýju starfsfólki, heldur er mikil hreyfing á starfsfólki milli deilda.³³ Að mati starfsmanna er verkaskipting leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra ekki sýnileg þó hún sé til skrifleg, lélegt upplýsingaflæði er til starfsfólks á deildum frá deildarstjórum og leikskólastjóra og óljóst skipulag varðandi afleysingar. Almennt mættu samskipti við stjórnendur, þ.e. leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og deildarstjóra, vera betri að mati starfsmanna í rýnihópi.³⁴ Að sögn deildarstjóra og starfsmanna er gott aðgengi að leikskólastjóra. Í sama streng tóku foreldrar og sögðu að auðvelt væri að ná í leikskólastjóra og aðra starfsmenn leikskólans.³⁵ Deildarstjórar sögðu að leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri kæmu inn á deildir og veittu starfsmönnum endurgjöf á starfið en mættu gera meira af því.³⁶ Í sama streng tóku starfsmenn og veltu fyrir sér hvort karlmönnum væri meira hrósað en konum.³⁷ Í viðtali við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra kom fram að þeir telja sig hrósa starfsfólki fyrir störf þess en töldu þó að meira mætti gera af því.³⁸ Í rýnihópi barna var spurt hvort þau þekktu leikskólastjórann. Börnin nefndu nöfn leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra en sögðust ekki vita hvað þeir gerðu, stundum kæmu þeir inn á deild og töluðu við kennarana.³⁹ Í viðtali við formann fræðslunefndar kom fram að ekki hafa borist erindi varðandi leikskólann Óskaland síðan hann tók við sem formaður.⁴⁰

Starfsáætlun, starfsmannastefna og áætlanir varðandi starfsmannamál

Leikskólinn gaf í fyrsta út starfsáætlun haustið 2014 og hana er að finna á heimasíðu leikskólans. Þar koma fram upplýsingar um leikskólasterfið almennt og viðfangsefni skólaársins. Upplýsingar um innra mat, símenntunaráætlun starfsmanna, yfirlit yfir starfsmannafundi, leikskóladagatal og stundaskrár deilda.⁴¹

Leikskólinn hefur sett sér stjórnunar- og starfsmannastefnu. Í henni er lögð áhersla á að auður hvers leikskóla sé starfsfólkið og það sé hlutverk þess að sinna starfi sínu í samræmi við starfslýsingar og stefnu leikskólans. Starfsfólki ber að starfa í samræmi við lög, reglugerðir, starfsmannastefnu Hveragerðisbæjar og námskrá leikskólans. Hlutverk stjórnenda er að bera rekstrarlega og faglega ábyrgð á

³⁰ Viðtal við leikskólastjóra.

³¹ Viðtal við leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og rýnihópur deildarstjóra.

³² Rýnihópur starfsmanna.

³³ Rýnihópur foreldra.

³⁴ Rýnihópur starfsmanna.

³⁵ Rýnihópar deildarstjóra, starfsmanna og foreldra.

³⁶ Rýnihópur deildarstjóra.

³⁷ Rýnihópur starfsmanna.

³⁸ Viðtal við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra.

³⁹ Rýnihópur barna.

⁴⁰ Viðtal við formann fræðslunefndar.

⁴¹ Heimasíða Óskalands - Starfsáætlun.

starfsemi leikskólans í samræmi við lög, reglugerðir og samþykktir.⁴² Leikskólinn hefur gert móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn og mótað fjarvistarstefnu.⁴³ Starfsmannasamtöl eru einu sinni á ári og tekur leikskólastjórinn þau.⁴⁴ Símenntunaráætlun er til fyrir starfsmenn.⁴⁵ Gerð hefur verið jafnréttisáætlun,⁴⁶ áfallaáætlun og jarðskjálftaáætlun.⁴⁷

Styrkleikar

- Stjórnun leikskólans er samkvæmt lögum og almennum reglum um stjórnunarhætti.
- Skrifleg verkaskipting er milli leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra.
- Gerð hefur verið handbók um móttöku nýrra starfsmanna.
- Leikskólinn hefur gefið út starfsáætlun.
- Leikskólinn hefur gert jafnréttisáætlun, áfallaáætlun og jarðskjálftaáætlun.

Tækifæri til umbóta

- Bæta þarf upplýsingastreymi innan leikskólans og gera skriflega verkferla.
- Skoða þarf hvernig hægt er að fylgja betur eftir verkaskiptingu leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra svo hún verði skýrari fyrir starfsmönnum.
- Skoða þarf aðkomu starfsmanna að stjórnun og ákvarðanatöku.
- Gera þarf skipurit sem endurspeglar stjórnskipulag leikskólans og gera þarf formlegar starfslýsingar fyrir stjórnendur og starfsmenn leikskólans.

Uppeldi, menntun og umönnun

Í aðalnámskrá leikskóla er lögð áhersla á gildi leiksins og mikilvægi lýðræðis og jafnréttis í öllu leikskólastarfi. Þar segir: „Leikur er órjúfanlegur þáttur bernskuáranna og þungamiðja leikskólastarfsins. Leikurinn er meginnámsleið barna. Hann skapar börnum tækifæri til að læra og skilja umhverfi sitt, tjá hugmyndir sínar, reynslu og tilfinningar og þróa félagsleg tengsl við önnur börn.“⁴⁸

Einkunnarorð leikskólans eru leikur, lífsgleði og lærdómur.⁴⁹ Í dagskipulagi leikskólans er lögð áhersla á hópastarf, frjálstan leik og útiveru.⁵⁰ Í vettvangsathugun mátti sjá að leiknum var gefinn góður tími úti og inni. Í starfsáætlun er stundaskrá fyrir hverja deild þar sem gerð er grein fyrir starfi hvers deildar fyrir sig.⁵¹ Elstu börnin fara í lífsleiknitíma og læra þar um vini Zippys, einnig fara elstu börnin í það sem kallað er verkefnavinna þar sem þau æfa sig í undirbúningi læsis. Í vettvangsathugun kom í ljós að frjálst flæði er í leik barnanna og gátu þau skipt um verkefni með samþykki kennarans. Borðleikir voru nokkuð áberandi á öllum deildum og sáu matsmenn að mikið var spilað við börnin. Húsnæðið býður upp á fjölbreytta starfsemi, svo sem listakrök og sal þar sem einingakubbum var komið fyrir. Galli á húsnæðinu er slæm hljóðvist. Börn af öllum deildum fara í útivist á sama tíma.

⁴² Gögn frá leikskólastjóra.

⁴³ Gögn frá leikskólastjóra.

⁴⁴ Viðtal við leikskólastjóra.

⁴⁵ Heimasíða Óskalands – Starfsáætlun.

⁴⁶ Heimasíða Óskalands.

⁴⁷ Gögn frá leikskólastjóra.

⁴⁸ Aðalnámskrá leikskóla 2011.

⁴⁹ Heimasíða Óskalands – Starfsáætlun.

⁵⁰ Heimasíða Óskalands.

⁵¹ Heimasíða Óskalands – Starfsáætlun.

Leikföng og efniviður

Í leikskólanum Óskalandi er ekki ákveðin stefna um leikföng og efnivið og er leikfangakosturinn blanda úr ýmsum áttum. Í viðtali við deildarstjóra og starfsmenn kom fram að lítil endurnýjun hefur orðið á leikföngum eftir hrun og nauðsynlegt er að bæta úr því.⁵² Matsmenn sáu að mikið af leikföngum skólans eru úr sér gengin og hæfa ekki í öllum tilfellum þroska barnanna. Mikið af leikföngunum er alls konar dót sem leikskólinn hefur fengið að gjöf frá starfsfólki, foreldrum eða öðrum velunnurum leikskólans, að sögn starfsmanna í rýnihópi. Aðgengi barna að leikföngum er í mörgum tilfellum ekki nægilega gott þar sem leikföngin eru í hillum hátt uppi á vegg og í geymslum inn af deildum. Mikið er af púslum og spilum á öllum deildum og þau eru aðgengileg börnunum. Gott bókasafn er í leikskólanum en bækur eru ekki vel aðgengilegar börnum á deildum. Ritmál er sýnilegt á öllum deildum, bókstafir og tölustafir eru víða í umhverfinu en í sumum tilfellum hátt á veggjum.

Einingakubbar eru til í leikskólanum og eru þeir staðsettir í hreyfisalnum. Matsmenn sáu þá ekki notaða en samkvæmt dagskipulagi á eldri deildum er gert ráð fyrir þeim einu sinni í viku. Efniviður í listasmiðju er ekki aðgengilegur þar sem mikið af honum er geymt í skápum eða hillum sem staðsettar eru hátt á vegg.

Þar sem heimastofur deildanna eru litlar miða við fjölda barna á deild er mikilvægt að nýta vel allt rými leikskólans með því að skipta börnunum upp í minni hópa. Matsmenn sáu listasmiðjur ónýttar stóran hluta dagsins og eins var salurinn ekki alltaf í notkun þó einingakubbar séu staðsettir þar. Eins og áður hefur komið fram fara öll börn út í einu og mætti huga að skiptingu á úti- og innsvæði þannig að hluti barna væri úti og hluti inni og fá þannig betra rými fyrir börnin sem eru inni. Sérstaklega er mikilvægt að huga að þessu þar sem hljóðvist á leiksvæði barnanna er ekki nægilega góð.

Líðan barna

Í rýnihóp barna kom fram að það væri gaman í leikskólanum og að þau vildu vera í leikskólanum. Mismunandi var hvort þau töldu sig dvelja lengur eða skemur í leikskólanum yfir daginn og eitt barn tók það fram að þegar það væri sótt í leikskólann þá nennti það ekki heim.⁵³

Í rýniviðtali við deildarstjóra kom fram að börnin væru jákvæð og glöð.⁵⁴ Starfsmenn töluðu um að börnin væru glöð þegar þau koma í leikskólann.⁵⁵

Foreldri í rýnihópi sagði að barnið sitt biði eftir að komast í leikskólann og að alltaf væri tekið vel á móti því á morgnana.⁵⁶ Matsmenn sáu að börnin voru starfssöm og ánægð í leikskólanum og á eldri deildum var lítið um árekstra á milli barnanna og þau leystu málin með því að ræða saman.

Lýðræði og mannréttindi

Í rýnihópi barna kom fram að þeim finnst að kennararnir ráði í leikskólanum en þau megi ráða hvaða svæði þau velja í valstundum og við hvern þau leika. Þegar þau voru spurð hvort þau mættu skipta um verkefni þá töldu þau svo vera en sögðu „ekki strax, bara eftir mínútu.“ Einnig kom fram að börnin telja að þau hafi samið reglur í leikskólanum.⁵⁷ Í viðtali við leikskólastjóra kom fram að börnin hafi komið að því að semja reglur á deildunum.⁵⁸

⁵² Rýnihópar deildarstjóra og starfsmanna.

⁵³ Rýnihópur barna.

⁵⁴ Rýnihópur deildarstjóra.

⁵⁵ Rýnihópur starfsmanna.

⁵⁶ Rýnihópur foreldra.

⁵⁷ Rýnihópur barna.

⁵⁸ Viðtal við leikskólastjóra.

Deildarstjórar voru spurðir hvort börnin geti haft áhrif á verkefni sín og umhverfi og hvort þau taki þátt í gerð skólanámskrár, starfsáætlunar og dagskipulags. Í svörum kom fram að börnin hafi ekki áhrif á dagskipulag, það eigi að vera í föstum skorðum. Þau geti valið í valstundum og komið með hugmyndir og haft áhrif á verkefnaval.⁵⁹ Einnig kom fram í viðtölum við starfsmenn að þeir telja að börnin geti haft áhrif á umhverfi sitt og verkefni og þeir leggi sig fram við það að hlusta á börnin.⁶⁰

Í viðtali við aðstoðarleikskólastjóra kom fram að börnin fái að meta leikskólastarfið og hlustað sé á þau, þó ekki séu öll mál borin undir þau.⁶¹

Samskipti og hegðun

Börnin í Óskalandi eru glöð og áhugasöm að mati matsmanna. Í rýnihópi barna kom fram að þeim finnst gaman í leikskólanum.⁶² Í rýnihópum starfsmanna og deildarstjóra kom fram að lögð er áhersla á að sýna börnunum virðingu, hlýju og að hlusta á þau. Einnig er lögð áhersla á að tala við börnin í augnhæð en ekki niður til þeirra.⁶³ Matsmenn sáu góð og árekstralaus samskipti í barnahópnum. Í vettvangsathugun mátti sjá að börnin fengu tíma og starfsmenn sýndu þolinmæði og virðingu. Reynt var að koma til móts við þarfir barnanna og vilja og leiðbeina þeim á uppbyggilegan hátt.

Skólaþróun

Í starfáætlun leikskólans Óskalands fyrir árið 2014-2015 er ýtarleg símenntunaráætlun fyrir alla starfsmenn. Áætlunin felur meðal annars í sér að ná markmiðum skólaþjónustu í Árnesþingi 2014-2017 en þau eru að:

- *Sjálfsmynd nemenda og félagsþroski hefur styrkst með markvissum aðgerðum og forvarnarstarfi.*
- *Formlegt lestrarnám hefst í leikskóla og byggt er ofan á það í grunnskóla. Meginþorri barna þekkir bókstafina og hljóð þeirra við lok leikskóla. Samfella er í námi nemenda frá leikskóla til grunnskóla og grunnskóla til framhaldsskóla.*
- *Stigin hafa verið markviss skref í átt til einstaklingsmiðaðs náms og samvinnu nemenda í öllum skólunum og upplýsingatæknin samþætt öllu námi.⁶⁴*

Leikskólastjóri ber ábyrgð á framkvæmd áætlunarinnar og heldur utan um skráningu. Ábyrgð kennara og starfsmanna felst í því að óska eftir símenntun og sýna með staðfestingu að símenntun sé lokið hverju sinni. Kennurum og starfsfólki er skylt að fara á þau námskeið sem sett eru fram í áætluninni, enda eru þau námskeið kennurum og starfsfólki að kostnaðarlausu og haldin á starfsdögum, námskeiðsdegi skólaþjónustu Árnesþings og á haustþingi félags leikskólakennara og leikskólastjórnenda á Suðurlandi. Að auki geta kennarar sótt námskeið til styrkingar í starfi og greitt þá sjálfir fyrir úr endurmenntunarsjóði kennara.⁶⁵

Gert er ráð fyrir að allt starfsfólk sækji haustþing félags leikskólakennara og leikskólastjórnenda á Suðurlandi og námskeiðsdag skólaþjónustu Árnesþings en þar eru ýmsir fyrirlestrar í boði fyrir allt starfsfólk. Eitt af markmiðum skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings fyrir árin 2014-2017 er að sjálfsmynd og félagsþroski nemenda styrkist með markvissum aðgerðum og forvarnarstarfi.⁶⁶ Leiðir að þessu markmiði eru m.a. að kennarar öðlist rétt til ART þjálfunar. ART (e. Aggression Replacement Training)

⁵⁹ Rýnihópur deildarstjóra.

⁶⁰ Rýnihópur starfsmanna.

⁶¹ Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

⁶² Rýnihópur barna.

⁶³ Rýnihópar starfsmanna og deildarstjóra.

⁶⁴ Skóla- og félagsþjónusta Árnesþings.

⁶⁵ Starfsáætlun Óskalands.

⁶⁶ Skóla- og félagsþjónusta Árnesþings.

er stjórnæki sem notað er til að ná fram jákvæðum aga og er fyrir börn frá fjögurra ára aldri.⁶⁷ Stefnt er að því að a.m.k fjórir kennarar í leikskólanum fái þessi réttindi á vorönn.⁶⁸

Í rýnihópi starfsmanna kom fram að ekki væri nógu mikið framboð af fræðslu fyrir ófaglærða starfsmenn og skortur væri á fjármagn fyrir fræðslu.⁶⁹ Deildarstjórar töldu að nóg væri af fræðslutilboðum og sögðust vera duglegir við að sækja sér endurmenntun. Þó kom fram hjá þeim að það vantaði fjármagn til að sækja þessa fræðslu og þeir eru ósáttir við að þurfa að borga úr endurmenntunarsjóði síns stéttarfélags þegar um er að ræða námskeið sem sveitarfélagið ætlast til að þeir sæki, s.s. HLJÓM2 og ART, en sveitarfélagið gerir kröfur um að unnið sé með þessi greiningartæki í leikskólanum.⁷⁰

Í viðtali við leikskólastjóra kom fram að síðustu ár hefur verið unnið markvisst að því að innleiða verkefnið.⁷¹

Styrkleikar

- Starfsfólk er áhugasamt um að nýta sér endurmenntunartilboð.
- Leikskólinn hefur skilað starfsáætlun.
- Starfsfólk leggur áherslu á að sýna börnunum umhyggju.

Tækifæri til umbóta

- Huga ætti að því að móta stefnu varðandi leikföng og fræðsluefni leikskólans.
- Bæta þarf leikfangakost leikskólans.
- Skipuleggja þarf betri nýtingu á húsnæðinu fyrir börnin.
- Leita þarf leiða til að skipta börnunum í minni hópa úti og inni til að minnka álag á leiksvæðum innanhúss.
- Leita þarf leiða til að auka möguleika ófaglærðs starfsfólks á endurmenntun.

Skólabragur og samskipti

Hveragerðisbær hefur mótað starfsmannastefnu fyrir allar stofnanir bæjarins. Þar segir meðal annars í kafla um forstöðumenn að stefnt sé að valddreifingu þannig að stofnanir hafi sem mest sjálfstæði og forstöðumenn stofnana séu ábyrgir fyrir framkvæmd starfsmannastefnunnar hver á sínu sviði. Í því felst að forstöðumönnum ber að kynna stefnuna fyrir nýjum starfsmönnum og stýra starfsmannamálum ávallt í samræmi við hana. Forstöðumenn skulu stöðugt vera vakandi fyrir starfsskilyrðum sem starfsmenn búa við og vinna að úrbótum ef þess er þörf, hvetja starfsmenn til að þróa faglega hæfni sína, auka frumkvæði þeirra og sjálfstæði í störfum og að gæta þess að eðlilegum kröfum um jafnræði, jafnrétti, sanngirni, valddreifingu og þátttöku í ákvörðunum sé mætt.⁷²

Í samræmi við starfsmannastefnu bæjarins hefur leikskólinn sett sér stjórnunar- og starfsmannastefnu og þar segir að til að stuðla að þróun og framsækni leikskólans sé stefnt að því:

- Að við leikskólann starfi hæfileikaríkt starfsfólk með faglega þekkingu og metnað og hafi áhuga á starfi með börnum.
- Að stjórnendur skipuleggi starfið þannig að hver og einn starfsmaður njóti sín á sínu sviði og hver og einn sé vel upplýstur um hlutverk sitt.

⁶⁷ ART.

⁶⁸ Heimasíða Óskalands – Starfsáætlun.

⁶⁹ Rýnihópur starfsmanna.

⁷⁰ Rýnihópur deildarstjóra.

⁷¹ Vinir Zippys.

⁷² Heimasíða Hveragerðisbæjar – Starfsmannastefna.

- Að gagnkvæm virðing ríki í starfsmannahópnum.
- Að jafnréttisáætlun leikskólans sé virk.
- Að starfsfólk fái tækifæri til að sinna endurmenntun og kynna sér nýjungar á sviði menntunar og kennslu barna á leikskólaaldri.

Að starfsmannaviðtöl verði haldin árlega.

Í stjórnunar- og starfsmannastefnu leikskólans er m.a. fjallað um hlutverk og helstu verkefni starfsmanna. Þar segir að leikskólastjóri sé forstöðumaður leikskólans, stjórnin honum og veiti faglega forystu og beri rekstrarlega og faglega ábyrgð á starfsemi leikskólans í samræmi við lög, reglugerðir og samþykktir sveitarstjórnar. Einnig kemur fram að leikskólastjóri stjórnir ráðningu nýrra starfsmanna. Aðstoðarleikskólastjóri er tengiliður milli leikskólastjóra og annars starfsfólks, sér um móttöku nýliða, skipuleggur afleysingar og annað daglegt starf ásamt leikskólastjóra, situr deildarfundum í samráði við deildarstjóra og er faglegur leiðtogi. Deildarstjórar starfa í nánu samstarfi við leikskólastjóra, eru tengiliðir milli starfsfólks og leikskólastjóra, halda utan um daglegt starf deilda og samstarf við foreldra og þjálfara nýliða. Þroskaþjálfari sinnir sérkennslu og þjálfun í samráði við stjórnendur og ófaglært starfsfólk starfar með fagfólki og sinnir þeim störfum sem þeim eru falin samkvæmt starfslýsingum.⁷³ Í rýnihópi deildarstjóra kom fram að þeir telja að almennt sé starfsfólk að vinna að verkefnum sem eru í samræmi við menntun þeirra og reynt sé að leyfa fólki að njóta sín.⁷⁴ Í rýnihópi starfsmanna kom fram að þeim finnst að ekki sé hlustað á tillögur ófaglærðra og í viðtali við leikskólastjóra kom fram að hann hefur fengið kvartanir frá starfsfólki um þetta atriði.⁷⁵ Matsmenn urðu ekki vitni að samvinnu milli deilda.

Starfsandi

Almennt telja stjórnendur og starfsmenn að góður starfsandi sé í leikskólanum. Leikskólastjóri sagði að gleði einkenni starfsandann, aðstoðarleikskólastjóri telur að vinátta og virðing einkenni skólabraginn, deildarstjórar töluðu um góðan „móral“ og starfsmenn sögðu starfsandann „frekar í lagi“.⁷⁶ Leikskólastjóri nefndi að ýmsar leiðir væru farnar til að efla jákvæðan starfsanda s.s. óvissuferðir, leynivínava, gönguferðir og líkamsrækt.⁷⁷ Auk þessara atriða nefndi aðstoðarleikskólastjóri að stjórnendur fari mikið um húsið og hrósi fólki. Deildarstjórar tóku undir það og nefndu einnig að leikskólastjóri legði áherslu á að koma með uppbyggilegt innlegg á starfsmannafundum.⁷⁸ Fram kom í rýnihópi starfsmanna að verið væri að reyna að „hressa upp á móralinn“, meðal annars með því að bjóða upp á veitingar í kaffitíma starfsfólks einn föstudag í mánuði. Hins vegar töldu starfsmenn að upplýsingastreymi væri ekki nógu gott og það skapaði óþarfa tortryggni.⁷⁹

Í leikskólanum er til fjarvistarstefna sem notuð er ef taka þarf á vandamálum varðandi starfsanda og stjórnendur leggja áherslu á að taka strax á ágreiningsmálum samkvæmt ákveðnu ferli sem þó er ekki skriflegt.⁸⁰ Starfsfólk leikskólans er bundið þagnarskyldu um allt það er varðar starf leikskólans, þar er meðal annars átt við upplýsingar sem það hefur um leikskólabörn og foreldra þeirra.⁸¹

⁷³ Gögn frá leikskólastjóra – Stjórnunar- og starfsmannastefna Óskalands.

⁷⁴ Rýnihópur deildarstjóra.

⁷⁵ Rýnihópur starfsmanna og viðtal við leikskólastjóra.

⁷⁶ Viðtöl við leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra, rýnihópar deildarstjóra og starfsmanna.

⁷⁷ Viðtal við leikskólastjóra.

⁷⁸ Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra og rýnihópur deildarstjóra.

⁷⁹ Rýnihópur starfsmanna.

⁸⁰ Viðtal við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra.

⁸¹ Gögn frá leikskólastjóra og viðtal við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra.

Styrkleikar

- Leikskólinn hefur sett sér stjórnunar- og starfsmannastefnu.
- Starfsmenn telja starfsanda almennt góðan.
- Leikskólinn hefur sett sér fjarvistarstefnu.

Tækifæri til umbóta

- Tryggja þarf að allir starfsmenn fái sömu upplýsingar um ákvarðanir sem teknar eru innan leikskólans.
- Skoða þarf hvernig nýta má mannauð leikskólans betur.
- Æskilegt væri að auka samvinnu innan deilda og samvinnu milli deilda leikskólans.

Mat á námi og velferð barna

Notast er við TRAS sem er skráningarlisti til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna,⁸² HLJÓM2 sem er greiningartæki sem kannar hljóðkerfisvitund elstu barna í leikskóla,⁸³ málþroskaprófið sem mælir orðaforða barna og hversu mikið vald þau hafa á beygingakerfi og setningagerð málsins.⁸⁴ Ef grunur vaknar um þroskafrávik barns eru Íslenski þroskalistinn og Íslenski smábarnalistinn notaðir til að meta getu barna á aldrinum 15 mánaða til sex ára aldurs á mál- og hreyfisviði. Listarnir eru notaðir í samvinnu við foreldra.⁸⁵ Talmeinafræðingur er til ráðgjafar varðandi málörvun einstakra barna.

Foreldraviðtöl eru nýtt til að meta þroskastöðu hvers barns og fá ábendingar frá foreldrum. Ánægja er með þessi viðtöl meðal foreldra og deildarstjóra. Gerð er könnun meðal foreldra annað hvert ár og þar er meðal annars leitað eftir mati foreldra á líðan barnanna. Foreldrar telja foreldraviðtöl mikils virði og eru ánægðir með hvernig leikskólinn býður upp á samvinnu um uppeldi barna og hversu vel er brugðist við ábendingum foreldra.⁸⁶

Styrkleikar

- Fjölbreyttar leiðir eru notaðar til að meta nám og líðan barna.

Foreldrasamvinna og ytri tengsl

Leikskólinn gerir annað hvert ár könnun meðal foreldra í leikskólanum. Í foreldrakönnun fyrir skólaárið 2013-2014, þar sem 70% foreldra svöruðu, kom fram að meirihluti foreldra er ánægður með umönnun barns síns, telur að barnið sé ánægt í leikskólanum og finnst starfsfólk taka vel á móti barninu. Einnig kemur fram að foreldrar eru ánægðir með samskipti við stjórnendur, deildarstjóra og starfsmenn. Starf leikskólans uppfylli væntingar foreldra og þeim finnst starfsfólk bregðast vel við beiðnum og ábendingum þeirra.⁸⁷ Niðurstöður úr foreldrakönnun er aðgengileg á heimasíðu leikskólans.

Leikskólinn er með móttökuáætlun fyrir börn sem eru að byrja í leikskólanum og upplýsingabækling fyrir nýja foreldra en ekki eru til skriflegar reglur um dagleg samskipti við foreldra.⁸⁸ Í rýnihópi með foreldrum kom fram að þeir eru áægðir með hvernig verkefni barna eru gerð sýnileg með því að setja þau upp í leikskólanum og einnig er foreldrum sendur póstur með upplýsingum mánaðarlega. Stundum er

⁸² TRAS – skráningarlistinn.

⁸³ HLJÓM2.

⁸⁴ Orðaskil – málþroskapróf.

⁸⁵ Íslenski þroskalistinn og Íslenski smábarnalistinn.

⁸⁶ Gögn frá leikskólastjóra - Niðurstöður úr foreldrakönnun.

⁸⁷ Gögn frá leikskólastjóra.

⁸⁸ Gögn frá leikskólastjóra.

líka fyllt út í dagbækur í fataklefa, að sögn foreldra. Í rýnihópnum kom einnig fram að foreldrar telja að viðfangsefni barnanna séu í samræmi við áherslur laga og námskrár og tekið sé mið af aldri og þroska barnanna. Meðal annars er verið að vinna með læsi með elstu börnunum. Foreldrar í rýnihópi töldu að almennt væri sátt meðal foreldra um stjórnun leikskólans en sögðust ekki koma að stjórnun leikskólans þó stjórnendur kynni nýjungar og breytingar fyrir foreldraráði.⁸⁹ Fram kom í rýnihóp foreldra að móttaka barna sé mismunandi eftir deildum og töldu að bæta mætti hana á eldri deildum.⁹⁰

Foreldrafundur er einu sinni á ári og þar eru verkefni skólaársins kynnt. Boðið er upp á opið hús fyrir foreldra einu sinni á önn, foreldrum boðið í heimsókn á konudag og bóndadag og auk þess er foreldra-kaffi með mismunandi millibili. Foreldrasamtöl eru einu sinni á önn og þar er farið yfir þroskaframfarir barna út frá stöðluðum þroskalista og rætt um styrkleika og veikleika þeirra í samskiptum við önnur börn. Upplýsingum til foreldra er miðlað með mánaðarlegum tölvupóstum og á upplýsingatöflu í fataklefa, dagbók á yngri deildum og töflum á hurðum á eldri deildum. Einnig eru upplýsingar á heimasíðu leikskólans.⁹¹ Síðastliðið vor var í fyrsta skipti boðið upp á upplýsingafund fyrir nýja foreldra. Að sögn leikskólastjóra eru foreldrar alltaf velkomnir í leikskólann en ekki er mikið um að þeir komi inn í leikskólann nema þegar þeim er sérstaklega boðið. Sameiginlegt foreldrafélag er fyrir leikskólana tvo í Hveragerði. Félagið tekur þátt í og styrkir ýmsar uppákomur, s.s. útskriftarferð elstu barnanna, leiksýningar og fleira.⁹² Í viðtali við formann fræðslunefndar kom fram að almenn ánægja sé með leikskólann í bæjarfélaginu.⁹³

Foreldraráð og foreldrafélag

Foreldraráð hefur starfað við leikskólann frá árinu 2013. Árlega er leitað til foreldra um að starfa í foreldraráði en formlegar kosningar hafa ekki farið fram. Starfsreglur foreldraráðs eru birtar á heimasíðu leikskólans og þar kemur einnig fram hvert hlutverk ráðsins er. Leikskólastjóri fundar með foreldraráði þegar þurfa þykir og foreldraráð les yfir starfsáætlun og skóladagatal leikskólans.⁹⁴

Sameiginlegt foreldrafélag er starfandi við báða leikskóla bæjarfélagsins og upplýsingar um starfsemi þess eru á heimasíðu leikskólans. Verkefni foreldrafélagsins er að skipuleggja ýmsar uppákomur og félagsstarf fyrir börnin í leikskólanum, s.s. styrkja útskriftarferð elstu barnanna á vorin, fá ljósmyndara til að taka myndir af börnunum einu sinni á ári, bjóða upp á leiksýningu fyrir leikskólana og halda vorhátíð með börnum beggja leikskólanna.⁹⁵

Samstarf leikskóla og grunnskóla

Grunnskólinn í Hveragerði er samstarfsskóli Óskalands. Skólarnir hafa gert með sér samning þar sem segir að tilgangur og markmið samstarfsins sé að undirbúa leikskólanemendur fyrir skólagöngu.⁹⁶ Að hausti er gerð dagskrá fyrir skólaárið þar sem fram kemur skipulag heimsókna milli skóla og annað samstarf. Ábyrgð á samstarfinu er í höndum deildarstjóra á eldri deildum og kennara á yngsta stigi grunnskólans ásamt stjórnendum á báðum skólastigum. Kennarar á báðum skólastigum hittast að hausti og skipuleggja vetrarstarfið. Leikskólabörnin fara í heimsókn í grunnskólann til að kynnst grunnskólanum og taka þátt í ýmsum verkefnum, s.s. stöðvavinnu, heimsækja íþróttahús, fara í frímínútur, taka þátt í gangasöng og horfa á helgileik í desember. Fyrstu bekkingar grunnskólans heimsækja leikskólann einu sinni á vetri. Um vorið fara elstu börn beggja leikskólanna í Hveragerði með yngstu nemendum grunnskólans í sameiginleg gönguferð. Í maílok fara leikskólanemendur í þriggja daga forskóla í húsnæði grunnskólans.⁹⁷

⁸⁹ Rýnihópur foreldra.

⁹⁰ Rýnihópur foreldra.

⁹¹ Viðtal við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra, rýnihópar deildarstjóra, starfsmanna og foreldra.

⁹² Viðtal við leikskólastjóra.

⁹³ Viðtal við formann fræðslunefndar.

⁹⁴ Heimasíða Óskalands.

⁹⁵ Heimasíða Óskalands.

⁹⁶ Gögn frá leikskólastjóra.

⁹⁷ Ljáðu mér orð.

Annað samstarf

Leikskólinn er ekki í formlegu samstafi við stofnanir eða fyrirtæki í Hveragerði en að sögn leikskólastjóra er leikskólinn í góðum tengslum við heilsugæslu staðarins og einnig við vinnustaði í nágrenni hans.⁹⁸

Styrkleikar

- Foreldraráð og foreldrafélag eru starfandi við leikskólann.
- Foreldrar eru ánægðir með samstarf við stjórnendur og starfsfólk leikskólans.
- Foreldrar eru ánægðir með upplýsingagjöf leikskólans.
- Foreldrar eru ánægðir með foreldrasamtöl og þær upplýsingar sem þeir fá þar.
- Leikskólinn er með móttökuáætlun fyrir börn sem eru að byrja í leikskólanum.
- Skipulagt samstarf er milli skólastiga.

Tækifæri til umbóta

- Æskilegt væri að samræma milli deilda hvernig tekið er á móti börnum og foreldrum.
- Kjósa þarf í foreldraráð að hausti.
- Leita mætti leiða til að auka samstarf við aðrar stofnanir sveitarfélagsins í samræmi við skólastefnu sveitarfélagsins.

Innra mat

Leikskólar eiga lögum samkvæmt að meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs. Í slíku mati skal leitað eftir sjónarmiðum starfsmanna, barna og foreldra, eftir því sem við á, og birta upplýsingar um það opinberlega.⁹⁹ Mat á starfi skóla hefur þann tilgang að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber. Annars vegar er um að ræða innra mat sem framkvæmt er af leikskólanum sjálfum og hins vegar ytra mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila.¹⁰⁰

Í starfsáætlun leikskólans fyrir skólaárið 2014-2015 er að finna þriggja ára áætlun um innra mat á starfi leikskólans (2014-2017) sem nær til allra þátta leikskólastarfsins. Í áætluninni kemur fram hvaða þætti á að meta á hverju ári og hvaða leiðir á að fara í matinu.

Leiðir sem nota á við matið eru:

- Starfsmannasamtöl
- Foreldrasamtöl
- Spurningalistar til starfsfólks og foreldra
- Mat barna, t.d. með myndaspurningum og brosköllum
- Rýnihópar starfsfólks

Í starfsáætlun leikskólans fyrir skólaárið 2014-2015 koma ekki fram niðurstöður úr innra mati frá fyrra skólaári.¹⁰¹ Í viðtali við leikskólastjóra kom fram að hann ber ábyrgð á áherslum, forgangsröðun og

⁹⁸ Viðtal við leikskólastjóra.

⁹⁹ Lög um leikskóla nr. 90/2008.

¹⁰⁰ Aðalnámskrá leikskóla 2011.

¹⁰¹ Starfsáætlun Óskalands.

framkvæmd innra mats, ásamt aðstoðarleikskólastjóra og deildarstjórum.¹⁰² Annað hvert ár er rafræn könnun send út til foreldra og starfsmanna og börnin hafa svarað spurningum með myndalistum. Niðurstöður úr innra mati eru kynntar á starfsmannafundum.

Styrkleikar

- Í starfsáætlun kemur fram að leikskólinn hefur gert þriggja ára áætlun um innra mat.
- Foreldrar koma að innra mati í gegn um kannanir og foreldrasamtöl.
- Börn koma að innra mati.

Tækifæri til umbóta

- Æskilegt væri að starfandi væri matsteymi við leikskólann.
- Gera þarf umbótaáætlun í kjölfar innra mats.
- Niðurstöður innra mats þarf að gera sýnilegar í starfsáætlun og á heimasíðu leikskólans.

Sérfræðiþjónusta og sérkennsla

Hveragerði tekur þátt í rekstri skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls ásamt sex öðrum sveitarfélögum. Skóla- og velferðarþjónustan sér um sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla samkvæmt reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga nr. 584/2010.¹⁰³ Kennsluráðgjafi hefur umsjón og eftirlit með stuðningi og sérkennslu í leikskólanum, auk sálfræðings sem starfar á skóla- og velferðarþjónustunni. Stjórnendur hafa samband við kennsluráðgjafa þegar grunur vaknar um frávik eða til að meta hvort þörf er á að vísa barni í greiningu hjá sérfræðingi. Talmeinafræðingur starfar sem verk taki hjá Hveragerðisbæ og getur leikskólinn leitað til hans varðandi greiningu og ráðgjöf vegna málþroska barna. Sérkennslustjóri er ekki starfandi við leikskólann en umsjón með sérkennslu innan leikskólans er í höndum aðstoðarleikskólastjóra. Þroskaþjálfari starfar í 50% starfi í leikskólanum og sinnir stuðningi og þjálfun einstakra barna í samvinnu við sérfræðinga skóla- og velferðarþjónustu.¹⁰⁴

Börn sem eiga annað móðurmál en íslensku

Leikskólinn hefur gert móttökuáætlun fyrir börn sem eiga annað móðurmál en íslensku. Í aðlögun er notuð handbókin sem er myndræn orðabók sem hugsuð er sem hjálpartæki til þess að auðvelda barninu samskipti við börn og fullorðna þegar það byrjar í leikskólanum.¹⁰⁵

Styrkleikar

- Sveitarfélagið er þátttakandi í rekstri skóla- og félagsþjónustu Árneshvíls og góð samvinna er milli leikskólans og sérfræðiþjónustunnar.
- Leikskólinn er með móttökuáætlun fyrir börn með annað móðurmál.
- Leikskólinn hefur aðgang að þjónustu talmeinafræðings.

Tækifæri til umbóta

- Æskilegt væri að hafa sérkennslustjóra við leikskólann.
- Gera ætti sérkennslustefnu fyrir leikskólann.
- Æskilegt er að gera verkferla varðandi stuðning og sérkennslu, þegar grunur vaknar um frávik og þegar stuðningur hefur verið veittur.

¹⁰² Viðtal við leikskólastjóra.

¹⁰³ Reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 584/2010.

¹⁰⁴ Viðtöl við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra.

¹⁰⁵ Gögn frá leikskólastjóra.

Samantekt

Í þessari skýrslu eru eftirfarandi þættir metnir í skólastarfi leikskólans Óskalands: leikskólinn og umhverfi hans, skólanámskrá, stjórnun og starfsfólk, uppeldi, menntun og umönnun, skólabragur og samskipti, innra mat, mat á velferð og námi barna, foreldrasamstarf og ytri tengsl og sérfræðipjónusta og sérkennsla. Áhersla úttektarinnar fólst í að leggja mat á hvort starfsemi leikskólans væri í samræmi við ákvæði laga og reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Í lok hvers kafla hefur verið gerð grein fyrir styrkleikum leikskólans og hvar tækifæri liggja til úrbóta. Hér á eftir er heildarmat úttektaraðila sett fram á sama hátt.

Helstu styrkleikar Óskalands

- Lögð er áhersla á að vinna samkvæmt ákveðinni aðferðafræði.
- Húsnæðið sem ætlað er börnum er rúmgott og bjart.
- Útileiksvæði leikskólans er stórt og býður upp á mikla möguleika.
- Starfsmenn leikskólans hafa sameinast um ákveðin einkunnarorð.
- Lögð er áhersla á leikinn sem náms- og þroskaleið.
- Leikskólinn starfar samkvæmt stefnu sveitarfélagsins.
- Foreldraráð hefur starfað við leikskólann frá 2009.
- Elstu börnunum er kennd lífsleikni.
- Starfsmenn mæta börnunum af hlýju og virðingu.
- Vinna með læsi er vel sýnileg í leikskólanum.
- Stjórnun leikskólans er í samræmi við lög og almennar reglur um stjórnunarhætti.
- Skrifleg verkaskipting er milli leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra.
- Gerð hefur verið handbók um móttöku nýrra starfsmanna.
- Leikskólinn hefur gefið út starfsáætlun.
- Gerð hefur verið jafnréttisáætlun, áfallaáætlun og jarðskjálftaáætlun.
- Starfsfólk er áhugasamt um að nýta sér endurmenntunartilboð.
- Starfsfólk leggur áherslu á að sýna börnunum umhyggju.
- Leikskólinn hefur sett sér stjórnunar- og starfsmannastefnu.
- Starfsmenn telja starfsanda almennt góðan.
- Leikskólinn hefur sett sér fjarvistarstefnu.
- Fjölbreyttar leiðir eru notaðar til að meta nám og líðan barna.
- Í starfsáætlun kemur fram að leikskólinn hefur gert þriggja ára áætlun um innra mat.
- Foreldrar koma að innra mati í gegnum kannanir og foreldrasamtöl.
- Börn koma að innra mati.
- Foreldraráð og foreldrafélag eru starfandi við leikskólann.

- Foreldrar eru ánægðir með samstarf við stjórnendur og starfsfólk leikskólans.
- Foreldrar eru ánægðir með upplýsingagjöf leikskólans.
- Foreldrar eru ánægðir með foreldrasamtöl og þær upplýsingar sem þeir fá þar.
- Leikskólinn er með móttökuáætlun fyrir börn sem eru að byrja í leikskólanum.
- Skipulagt samstarf er milli skólastiga.
- Sveitarfélagið er þátttakandi í rekstri skóla- og félagsþjónustu Árneshvíls og góð samvinna er milli leikskólans og sérfræðiþjónustunnar.
- Leikskólinn er með móttökuáætlun fyrir börn með annað móðurmál en íslensku.
- Leikskólinn hefur aðgang að þjónustu talmeinafræðings.

Tækifæri til umbóta

- Stefna ætti að því að finna leiðir til að fjölga leikskólakennurum við skólann þar sem leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði í lögum nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnaenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.
- Skoða þarf leiðir til að laga hljóðvist á deildum og í sal leikskólans.
- Skoða ætti hvernig leikskólinn getur betur uppfyllt stefnu sveitarfélagsins, s.s. umhverfis- og náttúrustefnu, og eftir tengsl við aðrar stofnanir sveitarfélagsins.
- Æskilegt væri að endurbæta tæknibúnað leikskólans.
- Ljúka þarf við gerð nýrrar skólanámskrár árið 2015.
- Auka þarf þekkingu allra starfsmanna á starfsaðferðum Reggio Emilia.
- Æskilegt væri að auka uppeldislegar skráningar og gera þær sýnilegri í umhverfi leikskólans.
- Bæta þarf upplýsingastreymi innan leikskólans og gera skriflega verkferla.
- Skoða þarf hvernig hægt er að fylgja betur eftir verkaskiptingu leikskólustjóra og aðstoðarleikskólustjóra svo hún verði skýrari fyrir starfsmönnum.
- Endurskoða þarf aðkomu starfsmanna að stjórnun og ákvarðanatöku.
- Gera þarf skipurit sem endurspeglar stjórnskipulag leikskólans og gera þarf formlegar starfslýsingar fyrir stjórnendur og starfsmenn leikskólans.
- Huga ætti að því að móta stefnu varðandi leikföng og fræðsluefni leikskólans.
- Bæta þarf leikfangakost leikskólans.
- Skipuleggja þarf betri nýtingu á húsnæðinu fyrir börnin.
- Leita þarf leiða til að skipta börnunum í minni hópa úti og inni til að minnka álag á leiksvæðum innanhúss.
- Leita þarf leiða til að auka möguleika ófaglærðs starfsfólks á endurmenntun.
- Tryggja þarf að allir starfsmenn fái sömu upplýsingar um ákvarðanir sem teknar eru innan leikskólans.

- Skoða þarf hvernig nýta má mannauð leikskólans betur.
- Æskilegt væri að auka samvinnu innan deilda og samvinnu milli deilda leikskólans.
- Æskilegt væri að starfandi væri matsteymi við leikskólann.
- Gera þarf umbótaáætlun í kjölfar innra mats.
- Niðurstöður innra mats þarf að gera sýnilegar í starfsáætlun og á heimasíðu leikskólans.
- Æskilegt væri að samræma milli deilda hvernig tekið er á móti börnum og foreldrum.
- Kjósa þarf í foreldraráð að hausti.
- Leita mætti leiða til að auka samstarf við aðrar stofnanir sveitarfélagsins í samræmi við skólastefnu sveitarfélagsins.
- Æskilegt væri að hafa sérkennslustjóra við leikskólann.
- Gera ætti sérkennslustefnu fyrir leikskólann.
- Æskilegt er að gera verkferla varðandi stuðning og sérkennslu, þegar grunur vaknar um frávik og þegar stuðningur hefur verið veittur.

Lokaorð

Ytra mat með vettvangsathugunum, viðtölum og greiningu gagna í leikskólanum leiðir í ljós að börnunum í Óskalandi líður vel, starfsmenn leggja áherslu á umhyggju og virðingu í samskiptum við þau og börnin eiga í árekstrarlausum samskiptum sín í milli. Foreldrar eru ánægðir með starfsemi leikskólans og samskipti við starfsmenn og stjórnendur. Fjölbreyttar leiðir eru farnar til að meta nám og velferð barna og leikskólinn er í góðu samstarfi við sérfræðipjónustu á vegum sveitarfélagsins. Almenn er góður starfsandi í leikskólanum en endurskoða þarf nýtingu mannauðs og upplýsingaflæði innan leikskólans. Ný skólanámskrá er í vinnslu og þarf að ljúka við gerð hennar á næsta ári. Leikskólinn hefur sett sér það markmið að vinna samkvæmt hugmyndafræði Reggio Emilia en hugmyndafræðin er þó lítið sýnileg í daglegu starfi og umhverfi leikskólans. Bæta þarf þekkingu starfsfólks á hugmyndafræðinni og gera hana sýnilega í starfi og umhverfi leikskólans. Unnið er með læsi í leikskólanum í góðri samvinnu við Grunnskóla Hveragerðis. Áhersla er lögð á hreyfingu í leikskólanum og vinnu með lífsleikni.

Heimildir

ART. Vefslóð. <http://www.isart.is/>. (Sótt af vef 17. nóvember 2014).

Gögn frá leikskólastjóra - Drög að skólanámskrá Óskalands.

Gögn frá leikskólastjóra – Stjórnunar- og starfsmannastefna.

Heimasíða Hveragerðisbæjar – skólastefna. Vefslóð: <http://www.hveragerdi.is/content/files/public/PDF/Ymislegt/Skolastefna.pdf>. (Sótt af vef 27. október 2014).

Heimasíða Hveragerðisbæjar - Starfsmannastefna. Vefslóð. <http://www.hveragerdi.is/files/509168-e1dacb2.pdf>. (Sótt af vef 24. nóvember 2014).

Heimasíða Óskalands – foreldraráð og foreldrafélag. Vefslóð. http://oskaland.hveragerdi.is/index.php?option=com_content&view=article&id=48&Itemid=77 (Sótt af vef 9. nóvember 2014).

Heimasíða Óskalands. Vefslóð. http://oskaland.hveragerdi.is/index.php?option=com_content&view=article&id=394&Itemid=110 (Sótt af vef 9. nóvember 2014).

HLJÓM2. Höfundar: Ingibjörg Snorradóttir, Jóhanna Einarsdóttir og Amalía Björnsdóttir.

Íslenski smábarnalistinn. http://www.namsmat.is/vefur/troskamat/isl_troskalisti/troskalisti.html.

Íslenski þroskalistinn. http://www.namsmat.is/vefur/troskamat/isl_troskalisti/troskalisti.html.

Ljáðu mér orð. Vefslóð. http://eldri.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-2332/4197_view-743/. (Sótt af vef 24. nóvember 2014).

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Lög um menntun og ráðningu kennara og stjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008.

Orðaskil – málþroskapróf. Höfundur: Elín Þöll Þórðardóttir. Reykjavík. Vefslóð. <http://lesvefurinn.hi.is/> (Sótt af vef 24. nóvember 2014)

Reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 584/2010.

Rýnihópur barna.

Rýnihópur deildarstjóra.

Rýnihópur foreldra.

Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings. Vefslóð. <http://www.arnesthing.is/>. (Sótt af vef 24. nóvember 2014).

Starfsáætlun Óskalands. Vefslóð. http://oskaland.hveragerdi.is/index.php?option=com_content&view=article&id=417&Itemid=116. (Sótt af vef 27. október 2014).

Starfsmannastefna Hveragerðisbæjar. Vefslóð. <http://www.hveragerdi.is/files/509168e1dacb2.pdf> (Sótt af vef 11. nóvember 2014).

TRAS – skráningarlistinn. Vefslóð. <http://www.namsmat.is/vefur/troskamat/tras/tras.htm>. (Sótt af vef 24. október 2014).

Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

Viðtal við formann fræðslunefndar.

Viðtal við leikskólastjóra.

Vefslóð. [http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item10858/Handbok_um_namsefnid_\(kynn-ingarbaklingur\).pdf](http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item10858/Handbok_um_namsefnid_(kynn-ingarbaklingur).pdf) (Sótt af vef 9. nóvember 2014).

